

Tillögur fulltrúa D-lista í Bæjarstjórn Mosfellsbæjar vegna fjárhagsáætlunar 2023:

1. Lagt er til að útsvar verði óbreytt og ekki hækkað upp í löglegt hámark 14,52 %
2. Lagt er til að fasteigngjöld verði lækkuð svo þau hækki ekki umfram vísitölu. (Annars hækka gjöldin um 16-20 % eftir hverfum)
3. Lagt er til að farið verði í framkvæmdir við þjónustubygginguna að Varmá strax í byrjun næsta árs í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir.
4. Lagt er til að hafnar verði strax framkvæmdir við leikskólann í Helgafellslandi í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir. Að setja 250 milljónir í bráðabrigðahúsnæði fyrir leikskóla teljum við ekki skynsamlegt, og leitað verði annarra leiða til að leysa vöntun á leikskólaplássum þangað til nýr leikskóli verður tilbúin.
5. Lag er til að FabLab smiðja verði sett á stofn í Mosfellsbæ árið 2023 í samræmi við tillögur sem fulltrúar í D -lista í bæjarráði lögðu fram og vísað var til nýrrar Nýsköpunar- og atvinnunefndar sem tekur brátt til starfa.
6. Lagt er til að fjármagni verði varið í breytingar á sviðinu í Hlégarði. Markmiðið með þessari breytingu er að nýta húsið enn betur, auka tekjur hússins og stuðla að enn meiri og fjölbreyttari menningu í Mosfellsbæ.
7. Lagt er til að vegna mikil álags og anna við yfirstandandi og fyrirhugaða uppbyggingu í Mosfellsbæ verði bætt við stöðugildi á umhverfissviði Mosfellsbæjar til að hægt sé afgreiða þau verkefni sem sviðinu berast innan eðlilegs tímaramma.

TEKJUR á móti tillögum:

1. Við leggjum til að lagt verði raunsætt mat á tekjur vegna byggingarréttargjalda og lóðaúthlutunar í Mosfellsbæ á árinu 2023. Það munar hundruðum miljóna á þeirri tekjuáætlun sem er í áætluninni og því sem raunhæft mætti telja. Gríðarleg eftirspurn er eftir þessum lóðum og mikilvægt að vinna hratt og af fagmennsku að koma þeim í hendur nýrra eigenda sem vilja byggja í Mosfellsbæ.
2. Viðhaldskostnað í áætlun ársins 2023 þarf að okkar mati að endurskoða til lækkunar eins og til dæmis við Kvíslarskóla.

Bæjarfulltrúar D-lista.

Ásgeir Sveinsson
Jana Katrín Knútsdóttir
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Helga Jóhannesdóttir